

Reykjavík, 8. október 2012.

Alþingi
Erindi nr. P 141/62
komudagur 8.10.2012

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu).

Vísað er til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 28. september sl., um umsögn landskjörstjórnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Frumvarpið felur í sér þær breytingar á 63. og 86. gr. laga um kosningar til Alþingis og 63. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna að kjósandi, sem vegna „sjónleysis“ eða vegna „...þess að honum sé hönd ónothæf“, er ekki bundinn af því að njóta aðstoðar kjörstjórnarmanns. Heldur skuli hann eiga þess kost að fá aðstoð réttindagæslumanns, sem ráðinn er á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.

Með frumvarpinu reynir á hvort skilyrði laga um kosningaleynd og um frjálsar og lýðræðislegar kosningar sé raskað miðað við það fyrirkomulag sem nú er. Við mat á slíku verður að líta til þeirra frávika sem leyfð hafa verið og þeirra tillögu sem frumvarpið felur í sér. Er þá í fyrst lagi horft til þess að ekki er verið að stækka þann hóp sem hefur fram til þess notið aðstoðar kjörstjórnarmanns við atkvæðagreiðsluna. Í öðru lagi er það takmarkað hverjir mega auk kjörstjórnarmanna aðstoða kjósenda, en auk þeirra er lagt til að réttindagæslumenn fatlaðra geti það einnig. Um ráðningu réttindagæslumanna og störf þeirra er fjallað í lögum nr. 88/2011, sbr. einkum 4. og 5. gr. þeirra laga. Þá er í þriðja lagi mælt sérstaklega fyrir um málsmeðferð sem miðar að því að tryggja sem best vilja kjósenda til þess að velja sér aðstoðarmann og fyrirmæli um skráningu í kjörbók kjörstjórnar.

Af hálfu landskjörstjórnar er ekki gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á kosningalögum.

Viðringarfyllst,

Freyr Ófeigsson,
formaður landskjörstjórnar